



Skjalnúmer...: 02.06
Útg.d...: 20.01.2014
Útgáfa...: 1.0
Áb.maður...: Anton Benjamínsson

Jafnréttisstefna

Metnaður Slippsins að allir starfsmenn njóti jafnréttis óháð kyni, uppruna, trú og aldri og að hver starfsmaður verði metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum. Eftirfarandi atriði eru höfð að leiðarljósi.

Markmið

Markmið jafnréttisáætlunnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og að tækifæri einstaklingsins verði jöfn óháð kynferði, uppruna, trú eða aldri. Á þetta við rétt til starfa, kjara, aðstöðu og menntunar.

Kjaramál

Við ákvörðun starfskjara skal þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað eftir kyni. Konum og körlum skal greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. Á þetta við um hvers konar starfskjör eða hlunnindi sem metin eru til fjár. Framkvæmdastjóri ákveður launakjör.

Auglýsingar

Í atvinnuauglýsingum skulu störf ávallt ókyngreind. Í öllu kynningarefni Slippsins skal þess gætt að fólk sé ekki móðgað eða blygðunarkennd þess særð.

Samræming vinnu og einkalífs

Til að koma á móts við fjölskyldur skal boðið upp á hverja þá vinnuhagræðingu sem við verður komið.

Starfsandi og líðan starfsmanna

Slippurinn hvetur til þess að gert sé ráð fyrir þátttöku maka og/eða barna í félagslífi starfsmanna, þegar það á við. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og heiðarleika.

Starfspjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu tækifæra til sí- og endurmenntunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni einstaklingsins.

Kynferðisleg áreitni og einelti

Einelti og kynferðisleg áreitni verða ekki liðin hjá Slippnum. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Framkvæmdastjóri, yfirverkstjóri og gæðastjóri bera í sameiningu ábyrgð á að leysa úr slíkum málum, komi þau upp.